

Sviðsstjóri Umhverfis- og tæknisviðs  
Dalvíkurbyggð  
Ráðhúsi Dalvíkur  
620 Dalvík



Reykjavík 4. maí 2017  
UST201703-237/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Dalvíkurbyggð. Tillaga að deiliskipulagi í landi Snerru í Svarfaðardal**

Vísað er til erindis sviðsstjóra Umhverfis- og tæknisviðs Dalvíkur er barst 24. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi í landi Snerru Svarfaðardal.

#### **Skipulagssvæðið**

Í tillögunni kemur fram að skipuleggja á 11 ha svæði úr jörðinni Jarðbrú í Svarfaðardal. Svæðið er nefnt Snerra og liggur vestan við þjóðveginn. Einnig kemur fram að áætlað er að frístundahús, útihús og reiðskemmu á helmingi skikans, og hinn helminginn verður nýttur fyrir tún og beitarland.

#### **Fráveita**

Umhverfisstofnun minnir á að rotþró skal vera skv. *Leiðbeiningum um rotþrær og siturlagnir* og öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.


#### **Náttúruminjaskrá**


Í ofangreindri tillögu segir að náttúruverndarsvæði séu hvergi í nágrenni svæðisins. Umhverfisstofnun bendir á að norðan jarðarinnar Jarðbrúar og aðliggjandi að hluta er Friðland Svarfdæla. Um friðlandið gilda eftirfarandi reglur: „*Bannað er að breyta landslagi á svæðinu eða farvegi Svarfaðardalsár. Óheimilt er að gera nokkur mannvirki á svæðinu. Gildir þetta um hvers konar byggingar, skurði og vegi. Girðingar á friðlandinu má aðeins reisa með samþykki umsjónarnefndar friðlandsins. Skulu þær þannig gerðar, að þær hindri ekki umferð gangandi fólks um svæðið (hlið eða tröppur yfir girðinguna). Friðlandið má aðeins nytja á sama hátt og tíðkast hefur, svo sem til slægna, beitar og veiði í ánni. Malarnám og sandnám verði heimilað áfram þar sem það nú fer fram, en verði háð eftirliti umsjónarnefndar friðlandsins. Bannað er að granda fuglum á friðlandinu. Eigi má heldur skemma hreiður þeirra eða taka egg úr þeim. Öllum, sem um landið fara, ber að varast að skerða gróður á því. Gangandi mönnum og ríðandi er heimil umferð um friðlandið, enda brjóti dvöl þeirra á engan hátt í bága við tilgang friðlýsingarinnar. Stefnt skal að því að marka gönguleiðir um svæðið. Umferð vélknúinna ökutækja um svæðið er því aðeins leyfð, að hún sé í tengslum við leyfilegar nytjar landsins.*“

Friðlandið er alls 540 ha og er verndun fuglalífs og lífríkis megin andlag Friðlands Svarfdæla, en þar verpa um eða yfir 30 fuglategundir auk þess sem votlendið er viðkomustaður margra tegunda á leið sinni á varpslóðir.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að haft sé í huga við framkvæmdir að Friðland Svarfdæla er í næsta nágrenni Snerru og að framkvæmdir falli vel að umhverfinu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur